

Ed.

516. Breytingartillögur

[210. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 17/1965, um landgræðslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 6. gr. í 3. málsgrein falli niður orðin „ef við verður komið“.
2. Við 7. gr. 4. málslíður orðist svo:
Funda- og ferðakostnaður svo og þóknun fyrir unnin störf gróðurverndarnefndar greiðist af fé Landgræðslunnar að $\frac{2}{3}$ hlutum og viðkomandi sýslusjóði að $\frac{1}{3}$ hluta.
3. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
20. gr. laganna orðist svo:
Gróðurverndarnefndir skulu í samvinnu við landnýtingarráðunaut Búnaðarfélags Íslands fylgjast með notkun afrétta og heimalanda í viðkomandi sýslu, vera ráðgefandi fyrir stjórnendur fjallskilamála í umdæminu um notkun og meðferð heitilanda og aðstoða Landgræðslu ríkisins við verndun og eflingu gróðurs.
Gróðurverndarnefndir skulu halda gerðabækur um störf sín og skila árlegum skýrslum til viðkomandi búnaðarsambanda, landnýtingarráðunautar og landgræðslustjóra. Landgræðslustjóri skal setja reglur um störf gróðurverndarnefnda.
4. Á eftir 11. gr. komi ný grein, sem verður 12. gr.
Fyrir „kr. 1 000 til kr. 20 000“ í 43. gr. laganna komi: kr. 2 000 til kr. 40 000.